

17/1 1964

Skógarvörðurinn á Austurlandi

---

S T A R F S S K Ý R S L A   F Y R I R   Á R I Ð   1 9 6 3

---

---

Sigurður Blöndal

# Starfsskýrsla skógarvarðarins á Austurlandi fyrir árið 1963.

## I. Um veður og vöxt.

### 1. Veðurfar.

Veðurathuganamaðurinn á Hallormsstað, Páll Guttormsson, skrifar eftirfarandi yfirlit um veðráttuna á Hallormsstað árið 1963:

Frá 24. des. 1962 til áramóta voru stillur, frost og auð jörð. Allan janúarmánuð var auð jörð. Frost var 20 daga í janúar. Lagarfljót lagði hinn 9. jan. Nærri allan mánuðinn var logn. Á hverjum einasta degi frá mánaðarbyrjun fram að honum miðjum var blæjalogn. Vikutíma um miðjan mánuðinn var frostlaust.

Fyrstu 3 vikur í febrúar voru veg frost og fól á jörð. Þykkast snjólag 11 cm. Hinn 24. febrúar gekk í suðlega átt og hélzt sunnanáttin til 6. marz. Einnig voru oftast þíðviðri eftir hinn 6. marz og út allan mánuðinn. Í þeim mánuði voru einnig langvarandi stillur. Hitastigið fór aðeins á 11 sólarhringum niður fyrir frostmark í þeim mánuði.

Fram að 8. apríl voru hlýindi með hámarkshita 13,7 stigum hinn 6. Frá og með 8. apríl var frostkafla til hins 18. Einnig var snjólag á jörðu á því tímabili, er skýldi fyrir því, að jarðvegur frysi. Dýpsti snjór í apríl varð 13 cm. Mestur vindur á þessu tímabili varð mestur 7 vindstig. Var sá vindhraði nærri stöðugur í 2 sólarhringa, 10. og 11. marz. Mesta frost mældist 13,5 stig um nóttina 11. apríl.

Hinn 19. apríl gekk í þíðviðri og 4 dögum síðar fór gróður að aukast í tünnum og dagana 24. og 25. apríl byrjuðu að koma gróðurnálar á útjörð.

Fyrri hluta maí greri mjög hægt og var sérstaklega kalt 2 fyrstu daga mánaðarins. Það var mjög lítil framför á gróðri, fyrr en hitastigið hækkaði hinn 24. maí og sólfar fór að verða meira. En þó voru nægar úrkomur og raki í jörðu.

Í júnímánuði var mjög hátt hitastig fyrstu viku mánaðarins og 4 síðustu dagana. Í fyrri hitakaflanum, frá 2. - 10., fór frost úr jörð og allar trjátegundir laufguðust. En frá 12. - 26. var hitastig tæplega um meðallag og lítið sólfar. Er kom fast að mánaðamótum, voru byrjaðir að koma ársprotar á trjágróður.

Í fyrstu viku júlímánaðar var hátt hitastig og var þá trjávöxtur byrjaður yfirleitt. En stækkun ársprotanna fór hraðar á stálpuðum trjám. Frá 9. - 27. júlí var mjög kalt í veðri og lítið sólskin. Meðalhitinn þetta tímabil var 8,5 stig. Góðviðriskafli var frá 27. júlí til 5. ágúst. Þá daga óx lerkið vel, einnig var þá hæðarvöxtur á blágreni, birki og ösp. Tímabilið 5. - 26. ágúst var mjög kalt, meðalhitinn bara 7,2 stig, og mjög lítið sólskin. En síðustu dagarnir í ágúst voru hlýir og fyrstu dagarnir í september. Þá daga var ör viðarmyndun á ársprotum trjáa. Er kom fram í september, voru kuldar óvenjumiklir.

Reyniviðarfræ náði góðum þroska, er kom fram um miðjan september. Að svo skyldi verða svo snemma, var því að þakka, hve reyniviðurinn blómgaðist snemma í vor.

Í október var mild tíð, en miklar rigningar. Enginn kuldakafli kom í mánuðinum. Að afstöðnum rigningum birti alltaf upp með sólskini. Vatnavextir voru ekki miklir, þótt mikið rigndi, er var því að þakka, að jarðvegur var tiltölulega þurr í mánaðarbyrjun.

Í nóvember frá 7. - 24. var ríkjandi norðan- og norðaustanátt og óvenjumiklir kuldar, miðað við árstíma. En snjór var á jörð og skýldi fyrir frosti.

Í fyrri hluta desember var mjög mild tíð og hélzt jörð ófrosin. En eftir miðjan mánuðinn var af og til dálítið frost fram að áramótum.

Í lok desember var skógarbotninn alveg þíður, en þá var 25 cm frostsқан komin í græðireitinn.

Tafla I. Hita-, úrkoma- og sólskinsmælingar á Hallormsstað 1963.

| Mán-<br>uður   | Hitastig °C   |                           | Úrkoma mm    |                           |                   |                         | Sólskins-<br>stundir | Fjöldi<br>vaxtar-<br>ein. |
|----------------|---------------|---------------------------|--------------|---------------------------|-------------------|-------------------------|----------------------|---------------------------|
|                | Meðal-<br>tal | Vik frá<br>meðal-<br>lagi | Sam-<br>tals | Vik frá<br>meðal-<br>lagi | Í miðju<br>fjalli | Undir<br>fjalls<br>brún |                      |                           |
| Jan.           | -2,8          | -1,7                      | 0,8          | -114,6                    | -                 | -                       | 2,8                  | -                         |
| Febr.          | -1,6          | -0,3                      | 57,0         | -13,0                     | -                 | -                       | 24,3                 | -                         |
| Marz           | 2,1           | +2,0                      | 56,1         | +14,7                     | -                 | -                       | 64,6                 | -                         |
| Apríl          | 1,5           | 0,0                       | 71,5         | +32,5                     | -                 | -                       | 108,5                | -                         |
| Maí            | 4,8           | -1,1                      | 48,7         | +27,2                     | 59,3              | 81,5                    | 134,2                | -                         |
| Júní           | 10,6          | +1,6                      | 43,4         | +15,6                     | 55,7              | 65,0                    | 213,8                | 71,86                     |
| Júlí           | 9,2           | -1,8                      | 44,0         | + 5,9                     | 52,2              | 65,9                    | 171,5                | 56,93                     |
| Ágúst          | 8,2           | -1,7                      | 4,5          | -37,4                     | 6,5               | 8,5                     | 128,5                | 51,93                     |
| Sept.          | 5,3           | -2,3                      | 50,5         | -3,5                      | 64,0              | 83,0                    | 84,8                 | -                         |
| Okt.           | 4,4           | 0,0                       | 158,0        | +92,4                     | -                 | -                       | 44,2                 | -                         |
| Nóv.           | -1,9          | -3,7                      | 67,5         | -17,8                     | -                 | -                       | 3,7                  | -                         |
| Des.           | -0,1          | +0,4                      | 57,6         | -38,6                     | -                 | -                       | -                    | -                         |
| Árið           | 3,3           | -0,7                      | 659,6        | -37,0                     | -                 | -                       | 980,9                | -                         |
| Júní-<br>sept. | 8,3           | -1,1                      | -            | -                         | -                 | -                       | -                    | -                         |

Vik frá meðallagi er reiknað eftir meðaltölum áráanna 1941-1962, að báðum meðtöldum. Inn í töfluna er nú bætt mælingum á úrkomu á tveimur stöðum uppi í Hádegisfjalli yfir sumarmánuðina. Staðurinn, sem er nefndur "í miðju fjalli" í töflunni, er á sama stað og önnur veðurathuganastöð Páls Bergþórssonar var sumarið 1959, en staðurinn "undir fjallsbrún" er þar sem efsta stöðin var 1959. Það er fróðlegt að bera tölurnar á þessum tveimur stöðum saman við tölurnar niðri á Hallormsstað.

Á árinu náðu 9 dagar 20 stiga hámarkshita. Hlýjast varð 2. júlí, 23,9 stig. Síðasta vorfrost í mælaskýli kom 7. maí -3,3 stig. Þá varð frostið við jörð -5,5 stig. Fyrsta haustfrost mældist 12. sept. í mælaskýli -1,7 stig. Þá urðu -4,0 við jörð.

Páll Guttormsson gerði athuganir á lágmarkshita við jörð á þremur stöðum til þess að fá samanburð. Hér koma nokkrar þessara talna:

| Dags. | Við mælaskýli | Í Mörkinni | Neðan við Jónsskóg |
|-------|---------------|------------|--------------------|
| 5/6   | -0,5          | -0,7       | -2,4               |
| 27/6  | -0,9          | -2,4       | -2,4               |
| 12/8  | -1,2          | -2,6       | -3,8               |
| 28/8  | -1,5          | -2,5       | -3,2               |
| 29/8  | -2,5          | -3,0       | -4,9               |
| 31/8  | -3,0          | -3,0       | -3,3               |
| 8 /9  | -1,6          | -2,6       | -4,0               |

Engan þessara daga mældist frost í mælaskýli.

## 2. Vöxtur og þrif trjágróðursins.

Birkiskógurinn varð allaufgaður 4. júní, en lágskógur var sprunginn út 28. maí. Hinn 3. sept. var skógur orðinn algulur á þurru blettum og hæðum (trúlega vegna hinna óvenjulegu ágústþurrka). Hinn 8. sept. byrjaði birkið almennt að bregða lit, mjög mikið lauf féll í vestan hvassviðri 25. sept. og hinn 27. sept. féll mest lauf af birkinu í NV bálviðri. Hinn 6. okt. var allt fallið að kalla.

Lerkiskógur var alveg útsprunginn 26. maí, en almennt var það farið að fölna 25. sept. Þann dag var hægt að sjá litarmun á kvæmunum Askiz, Raivola og Hakaskoja. Var Askiz gulast, en Hakaskoja minnst gult. Hinn 6. okt. var lerki yfirleitt orðið gult.

b. Vöxtur. Á þessu sumri var vöxtur með minnsta móti á flestum trjátegundum, þótt út yfir tæki með sitkagrenið frá 1949. Á tegundum eins og blágreni, rauðgreni og stafafuru var munurinn mjög greinilegur frá því í fyrra. En minni munur var á lerki. Hjá sumum árgöngum þess var vöxtur líkur og í fyrra, t. d. í Jónsskógi.

Í kuldunum í ágúst hafði vöxtur stoppað alveg í lerki og voru sum kvæmi búin að mynda brum, en þegar aftur hlýnaði seinast í ágúst, hófst vöxtur að nýju. Þannig tók ég t. d. eftir því 3. sept., að nýr sproti var að koma á Raivolalerki. Hætt er við því, að þessi síðgotungur hafi ekki náð að þroskast og megi því búast við einhverjum toppskemmdum hjá lerkinu.

Í framhaldi af því, sem sagt var frá í síðustu skýrslu um rauðgreni frá Trysil (gróðurs. 1956) og fellt var ofan af í beltum, er það að segja, að munurinn verður nú æ greinlegri á því greni, sem fellt var ofan af, og hinu, sem enn stendur undir allþéttum birki-skermi. Eru nú plönturnar í fríhöggnu beltunum komnar ágætlega af stað, margar orðnar um og yfir 1 m, einstaka um 1,30 - 1,40, og vel bústnar og með góðum lit, en hinar í skugganum grannar, veiklulegar og verulega miklu minni. Eru þær greinilega minnstar mitt í skermbeltinu.

Þessi litla athugun, sem Eivind Bauger, tilraunastjóri við VFF, átti uppástungu að, sýnir glögg, að varast ber að halda lengi þéttum birkiskermi yfir rauðgreninu. Það þarf auðvitað að athuga, hvort yfirhöfuð er nokkur ástæða til þess að planta undir skerm - lífræðilega séð. Hins vegar er sennilega erfitt að komast hjá því, ef litið er á tæknilegu hliðina. Ef allur birkiskógurinn væri felldur í einni lotu, myndi verða svo mikið lim á fletinum, að ógerningur væri að planta, án þess að bera það burtu. En vitaskuld er mjög mikið atriði að hreyfa alls ekkert lim, þar sem birki er grisjað.

Enda þótt meðalhiti júní-sept. væri nú einn hinn lægsti, sem hér hefir mælt + 1952 var hann 8,0 stig - var fjöldi vaxtareininga Morks allmiklu meiri en t.d. í fyrra. Það komu ákaflega góðir hitakaflar inn á milli kuldanna. Fyrir því hefir þetta sumar kannski ekki reynzt miklu lakara vaxtarsumar en 1962. Verður nú fróðlegt að sjá vöxtinn á greni og furu næsta sumar. Aðaltegundirnar hér bærast sennilega af, svo að við getum borið höfuðið hátt, sérstaklega að því er lerkið varðaði.

c. Fræfall. Lítið fræ var á birki. Safnað var 4,5 kg af birkifræi. Var því einkum safnað í birkibeltinu í gamla græðireitnum í Mörkinni. Þar er alltaf eitthvert fræfall, enda njóta trén þar vitaskuld mikils áburðar úr græðireitnum.

Á broddfuru var nokkurt fræ, safnað 0,25 kg, og á stafafuru ofurlítið, 0,10 kg. Nokkrir könglar fundust á lindifuru, en ekkert nothæft fræ, ennfremur sáust þeir aðeins á fjallafuru, bæði hér og í Eiðahólma.

## 3. Skaðar á trjágróðri.

Frostskaðar á plöntum í græðireitnum urðu ekki teljandi. Hins vegar urðu geysimikil vanhöld á stafafuru, sem dreifsett var 1962 í

græðireitnum - einkum vordreifsetningunni - af völdum holklaka. Skeði þetta sérstaklega í páskahretinu. Þá sviðnuðu nálar á blágreni 2/2 í græðireitnum og mest drapst af balsampininum frá Port Hope. Öðru tjóni olli ekki hret þetta í græðireitnum. Og heldur engum skemmdum á trjám og plöntum í skóginum, nema á þeim gróðursetningum ársins 1962, sem nú skal greina:

Árið 1962 voru gróðursettar nokkrar tegundir og kvæmi af þin:

Síberíupínur, Sverdlovsk, hefir nær allur drepizt.

Balsampínur, bæði kvæmin, drapst næstum alveg.

Síberíupínur, Irkutsk, skemmdist allmikið í ~~XXXXXX~~ toppinn, en flestar plönturnar lifa. Sama er að segja um fjallapín.

Hvítþínur er næstum óskemmdur.

Douglasgreni, Blue Mesa, drapst mjög, en líklega hjarir um helm-ingur plantnanna.

Veruleg vanhöld urðu á stafafuru.

Allmiklar skemmdir urðu á síðsumarplöntun af rauðgreni, bæði hér á Hallormsstað og á Eyjólfsstöðum. Er þetta í annað skipti, sem við verðum fyrir þessu með síðsumarplöntun á rauðgreni. Enda höfum við verið að planta fram í september. Sennilega mættum við ekki planta rauðgreni mikið eftir 20. ágúst, ef draga má hliðstæður af plöntutíma-tilraunum Morks í Noregi. Þessar skemmdir á rauðgreninu voru aðallega toppskemmdir.

Að öðru leyti urðu ekki skaðar á gróðursetningum. Þannig sá t. d. alls ekki á blágreninu, sem mikið var gróðursett af.

#### 4. Klaki í jörðu.

Í fyrravetur fór klaki 38 cm djúpt niður í skóginum í febrúar og 72 cm í græðireitnum. Í græðireitnum þiðnaði 24 cm niður í marz. Í skóginum fór klaki úr jörð í skóginum í byrjun júní, eins og fyrr var nefnt.

## II. Starfsmenn og verkafólk.

Tafla II sýnir fjölda fólks, eins og það var flest á hverjum árs-fjórðungi, ásamt kaupgreiðslum og vinnustundafjölda. Vinnustundafjöldi nær þó eigi til ákvæðisvinnu.

Tafla II. Verkafólk og kaupgreiðslur á Hallormsstað 1963.

| Ársfjórð-<br>ungur | Fjöldi | Vinnustundir | Kaup kr.   | Ákvæðisv. kr. |
|--------------------|--------|--------------|------------|---------------|
| 1.                 | 6      | 2.182        | 68.986,58  | -             |
| 2.                 | 27     | 8.118        | 200.625,95 | 25.280,85     |
| 3.                 | 29     | 10.360       | 266.784,77 | 27.298,38     |
| 4.                 | 5      | 1.816        | 63.901,77  | -             |
| Alls               |        | 22.476       | 600.299,07 | 52.579,23     |
|                    |        |              | 652.878,30 |               |

Verkaskipting okkar Páls Guttormssonar var með sama hætti og fyrr. Matselja í Mörkinni var fimmtásumarið í röð Ingibjörg Sigurðar-dóttir. Rækti hún starf sitt af hinna fágætu samvizkusemi og myndar-skap, sem eru einkenni ~~XXXXXX~~ hennar.

Umsjón með gróðursetningu hafði að þessu sinni Sigurgeir Hilmar Friðþjófsson úr Reykjavík, aðeins 17 ára gamall. Enda þótt Sigurgeir væri bezti piltur, reyndist hann of ungur í þetta starf.

Til aðstoðar hér á skrifstofunni hafði ég í sumar Birnu Ólafsdóttur

úr Reykjavík. Hún reikanði út kaup, sá um útborganir og aðstoðaði að öðru leyti á ýmsan hátt við skrifstofuhaldið. Hún leysti starf sitt óaðfinnanlega af hendi.

Bræðurnir Baldur, Bragi og Guðmundur Jónssynir unnu hér allt árið, eins og undanfarin ár. Það væri okkur ~~XXX~~ seinbættur skaði, ef einhver þeirra hætti hér að vinna.

Loks er þess að geta, að Gunnar Finnbogason var hér frá októberlokum til miðs desember. Vann hann hér á skrifstofunni. Aðalverkefni hans var að skrásetja gróðursetningar hér á Hallormsstaða frá upphafi til þessa dags. Var það verk langt komið, er hann fór. Aðalgea var það hrenritun og svo kortateikningar. Ennfremur færði Gunnar flest til betri vegar hér á skrifstofunni og vann við bókhaldið. - Í öllu þessu nutum við hinna miklu skipulagshæfileika hans, sem síðar verður minnt á.

### III. Girðingar.

#### 1. Viðhald.

a. Hallormsstaður. Viðhald hér var í lágmarki, aðeins hið nauðsynlegasta gert - og varla það. Þannig færði t.d. Vegagerð ríkisins hliðið við Sólheima á nýja veginn þar, sem lagður var í sumar, en við settum ekki almennilega grind í það. Er það eitt, sem gera þarf fyrir næsta sumar. - Kostnaður við viðhald varð tæpl. 3.500 kr.

b. Jórvík. Hér var sama sagan. Aðeins nauðsynlegasta viðhald. Kostnaður 1.800 kr.

#### 2. Mjóanesgirðing.

Nú var sett upp girðing um landið í Mjóanesi, sem Stefán Eyjólfsson gaf. Varð henni að mestu lokið. Eftir er að negla upp stytur og ~~XXXX~~ efsta gaddavírstreng. Þá er eftir að setja upp hliðin, nema hvað Vegagerðin hefir sett upp pípuhliðið við Gunnlaugsstaði. Steypti hún einnig stólpa fyrir hestahliðið, sem er við hliðina á því, en samkomulag varð um, að við settum grindina í það hlið.

Kostnaður við girðinguna hefir orðið sem hér segir:

|                               |               |
|-------------------------------|---------------|
| 1. Vinna .....                | kr. 28.203,73 |
| 2. Vinna jarðýtu .....        | " 25.650,00   |
| 3. Flutningar og akstur ..... | " 3.923,12    |
| 4. Net og járnstaurar .....   | " 18.501,00   |
| 5. Sement .....               | " 1.185,00    |
| 6. Tréstaurar .....           | " 5.558,00    |

Alls kr. 83.020,85

Vinna jarðýtu reyndist verulega meira verk en ég haði gert ráð fyrir. Liggur það einkum í því, að með í vinnu hennar er reiknuð allmikil vegagerð, sem Stefán í Mjóanesi fór fram á meðfram girðingunni á kafla. Og nú varð að reikna ýtunni miklu hærri taxta en sl. ár, eins og síðar verður frá sagt.

### IV. Skógarhögg.

Tafla III sýnir allmiklu minna högg á þessu ári en árið 1962. Viðarsala varð um 28.000 kr. minni skv. töflunni en þá. Hins vegar nam sala á jólatrjám og -greinum um 30.000 kr., eða 7.000 kr. meiri en í fyrra. Verðmæti viðarhöggsins nam næstum eins hárru upphæð og í fyrra, eða rúml. 108.000 kr.

Í bókhaldinu kemur liðurinn "sala skógarafurða" út með tölunum:

Tafla III. Skógarhögg og viðarsala á Hallormsstað 1963.

|            | B i r k i    |               |              |                 |                | L e r k i      |         |            |              |               |              |                 |               |        |
|------------|--------------|---------------|--------------|-----------------|----------------|----------------|---------|------------|--------------|---------------|--------------|-----------------|---------------|--------|
|            | B II<br>stk. | B III<br>stk. | B IV<br>stk. | Styttur<br>stk. | Eldiv.<br>tonn | Efniv.<br>tonn | Krónur  | B I<br>st. | B II<br>stk. | B III<br>stk. | B IV<br>stk. | Styttur<br>stk. | Annað<br>stk. | Krónur |
| Sala 1963  | 3.871        | 715           | 305          | 580             | 38,82          | 0,42           | 84.212  | 12         | 137          | 22            | 10           | 65              | -             | 4.290  |
| S.r. Rvík. | -            | -             | -            | -               | 4,89           | -              | 4.405   | -          | -            | -             | -            | -               | -             | -      |
| S.r. Hall. | -            | -             | -            | -               | 35,00          | -              | -       | -          | -            | -             | -            | -               | -             | -      |
| Mjóanes    | 200          | -             | -            | 540             | -              | -              | 5.240   | -          | 14           | -             | -            | -               | -             | 308    |
| Rýrnun     | 40           | 150           | -            | 150             | -              | -              | 2.085   | -          | -            | -             | -            | -               | -             | -      |
| Birgðir    | 250          | -             | -            | -               | -              | 5,10           | 13.200  | 42         | 150          | 70            | 90           | 190             | -             | 8.180  |
| Alls       | 4.361        | 865           | 305          | 1.270           | 78,71          | 5,52           | 109.142 | 54         | 301          | 92            | 100          | 255             | -             | 12.778 |
| + b. '62   | 40           | 190           | -            | 150             | -              | 3,40           | 9.395   | 15         | 30           | 80            | 75           | 200             | -             | 4.250  |
| Högg '63   | 4.321        | 675           | 305          | 1.120           | 78,71          | 2,12           | 99.747  | 39         | 271          | 12            | 25           | 55              | -             | 8.528  |
| Tonn       | 29,0         | 2,7           | 1,0          | 2,1             | 78,71          | 2,12           | 115,60  | 0,5        | 2,2          | 0,1           | 0,1          | 0,1             | -             | 3,0    |

Högg 1963 alls 118,6 tonn. ~~Stuttur~~ Staurar alls (lerki og birki) 5.658 stk.  
 Verðmæti alls (að frádræginni heimanotkun eldiviðar) kr. 108.275 kr.  
 Stuttur alls ( " " " ) 1.175 "

Debet 108.600 kr., kredit 150.900 kr. En þá verður að gæta þess, að þetta eru brúttóupphæðir, þar sem milli 15 og 20 þús. kr. eru fyrir flutning.

Nú tók að heita mátti alveg fyrir eldiviðarsölu hér á Héraði, en hún hefir verið dálítill undanfarin tvö ár. En salan á arinviði til Reykjavíkur og reykingaviði til Akureyrar varð svipuð og 1962. Sala á birkistaurum var svipuð, en auðvitað miklu minni á lerkistaurum, þar nú var aðeins grisjaður Atlavíkurlundurinn.

Þess verður að geta, að tafla III gefur ekki alls kostar rétta mynd af því, sem raunverulega féll af viði, þar eð alls ekkert var tínt saman af viði, sem féll í Framhólum. Er allmikið magn, sem þar liggur. Sumt af því verður nýtt til eldsneytis næsta sumar.

Í janúar og fram eftir febrúar var einkum höggvið ofan af gróðursetningum í Partinum, bæði lerki og rauðgreni. Féll þar aðalmagnið, sem kom í sölu. Síðari hluta febrúar og í marz og byrjun apríl var höggvið fyrir gróðursetningu í Framhólum, nema hvað Páll Guttormsson hélt áfram í Partinum.

Frá miðjum apríl og fram í maíbyrjun var grisjað fyrir gróðursetningum í ~~MX~~ Mylluhvammum og við Borgargerði í Partinum. Og síðan fyrst í maí fyrir gróðursetningu meðfram þjóðvegi í Innskóginum.

Seinast í apríl var felld nokkuð lerki í Atlavíkurlundi.

Í sumar var svo við og við unnið að samantíslu og staurasögun og í september og október var afgreiddur reykingaviður og arinviður suður og norður.

Fyrir jólin var felld nokkuð af jólatrjám, aðallega rauðgreni frá 1948. Bættust nú Seyðisfjörður og Djúpvogur við þá staði, sem við höfum séð fyrir þessum hlutum. Jólatrén voru alls 129 og furugreinar 166 kg.

Þess skal getið, að við tókum að okkur fyrir Landssímann að höggva frá símalínunni, þar sem hún liggur gegnum landareign okkar. Reyndist þetta 10 þús. króna verk, enda þótt svotil eingöngu væri hægt að nota kjarrsagir.

Hirðing plantna. Unnið var fyrir tæpar 7.000 kr. við það, sem undir þennan lið heyrir. Mestmegnis var það yfirferð með kjarrsög við kjarrhreinsun, fyrst og fremst í Lýsishól, en einnig var úðað hormónum á birkiteinung í rauðgrenigróðursetningu frá 1958. Bar það góðan árangur. En því miður varð að hætta þessu verki í miðju kafi, er kulda-kastið eitt kom seinni part júlí.

Kjarrsagir. Ekki get ég svo skilizt við þennan kafla að minnast ekki á kjarrsagirnar. Piltar okkar hafa öðlzt afbragðsgóða tækni í notkun þeirra, og kemur æ skýrar í ljós, hvílik afbragðstæki þetta eru. Það eru engar ýkjur, að sagirnar hafi valdið byltingu í grisjun og fellingunni smáviðar.

Ég tel ástæðu til að leggja á það áherzlu, að þótt varahlutir séu dýrir í sagirnar (það eru varahlutir í allar vélar), er varahlutakostnaður fullkomnir smámunir í samanburði við það, sem unnizt hefir við notkun þeirra. Það er höfuðatriði, að alltaf séu til nógir varahlutir í sagirnar. Stopp vegna bilana er næstum hið eina, sem er dýrt í sambandi við þessi verkfæri (að sjálfsögðu að því tilskildu, að meðferð þeirra sé góð - og hér hjá okkur er hún eins góð og hugsanlegt er á okkar landi).

*Grisjaðarskið*

V. Græðireitur.

### 1. Umbætur í reitnum.

Nýrækt var engin, því að frá henni var gengið í fyrrahaust, þótt sandaksturinn kæmi á kostnað þessa árs. Hins vegar var, eins og alltaf verður gert, einhverju bætt í reitinn árlega. Í ár var það þetta:



18 bílhlöss af sandi.

5 vagnhlöss af ~~KKKKXXXXKXXXXX~~ mó mold.

4 tonn af húsdýraáburði.

Mest af sandinum fór í yfirbreiðslu á dreifbeð. Sumt ~~á~~ <sup>á</sup> 2/2 plöntur af stafafuru, þar sem mikið fraus upp í páskahretinu, en sumt í yfirbreiðslu á dreifsetningu sumarsins. Gerðum við nú í fyrsta skipti tilraun með að nota eingöngu sand í þakningu á dreifsetningu sumarsins. Ef þetta reynist nægileg þakning eftir reynslu 2ja til 3ja vetra, ætti að vera óhætt að hætta við mosapækninguna, sem við höfum alltaf notað hér. Enda stórminnkar nú mosapörfin í umbúðir við vilkomu plastpokanna.

Geta verður þess, að við sóttum nú í fyrsta sinn mest af sandinum inn í Buðlungavallavík, en þar er í einum kambi ~~KKKK~~ aðgengilegur forði, sem nemur varla minnu en 3-4000 bílhlössum af fyrsta flokks sandi, alveg steinalausum. Þegar vegurinn verður fullgerður þarna inn eftir, verður þessi sandur eins og við bæjarvegginn.

Mó moldin og skíturinn fóru mestmegnis í garðplöntustykki.

Að venju undanfarinna ára var sáð höfrum í þau stykki reitsins, sem lágu í tröð, og þeir plægðir niður grænir.

## 2. Fræplöntur.

Sáð var í 440 m<sup>2</sup>, sem var talsvert meira en áætlað var. Skv. talningu eru þetta 293.000 plöntur. Fræið kom vel upp. Allmiklu var nú sáð 31. maí, m. a. miklu af lerkinu, og er það talsvert fyrr af stað farið en um margra ára bil.

Birgðir af 2/0 plöntum eru um 550.000, en rúm 400.000 af 3/0. Alls eru plöntur til dreifsetningar áætlaðar 745.000. Hins vegar verður 300.000 að teljast hámark þess, sem skynsamlegt getur talizt að láta okkur dreifsetja, svo að ef ekki á að henda nokkur hundruð þúsund plöntum, verður að láta aðrar stöðvar taka við þeim.

Kostnaður við fræplöntur var 58.000 kr., en var áætlaður 50.000.

## 3. Dreifplöntur.

Dreifsettar voru 308.800 skógarplöntur, eða heldur fleiri en áætlað var. Nú var allmikið af dreifsetningarpl. tekið upp ~~XXX~~ snemma og geymt í plastpokum á íshúsi. Þetta er framtíðin. Hins vegar geymdum við sumt af plöntunum of lengi, svo að þær skemmdust fyrir bragðið.

Kostnaður við dreifplöntur varð rúmlega 111.000 kr., en var áætlaður 90.000. Um 7.000 kr. af þessum kostnaði má teljast óvænt, en það er hið mikla magn af sandi, sem dreift var yfir dreifbeð, eins og að framan getur.

## 4. Garðplöntur og græðlingar.

Garðplöntuliðurinn hækkaði langmest af öllum liðum græðireitsins, Salan fór langt fram úr því, sem nokkurn tíma hefir verið. Nam hún tæplega 68.000 kr., en var áætluð 30.000. Gjöldin urðu hins vegar 42.600 kr., en voru áætluð 15.000. Þarna varð sem sagt um þó nokkra veltuhækkun að ræða. Tekjurnar jukust 10.000 kr. meira en gjöldin.

Það kom sér afar vel fyrir okkur að vera vel birgir af Alaskaösp, því að eftirspurn eftir henni var svo mikil, að við urðum að hætta við að gróðursetja allmikið magn af henni sjálfir, eins og ætlunin var.

Það er sýnt, að við þurfum hér á Hallormsstað að leggja verulega aukna áherzlu á garðplöntuframleiðsluna og þá sér í lagi að komast af stað með verulega runnarækt. Á okkur hvílir óhjákvæmilega sú skylda að sjá þessum landshluta fyrir nægum garðplöntum.

En verðið á sumum garðplöntum er hlægilega lágt. Má til með að breyta því fyrir vorið. Með verði, sem einhver glóra er í, á að vera hægt að hafa góðan arð af garðplöntuframleiðslunni.

## 5. Hreinsun.

Við hreinsunina voru notuð White Spirit og zimasin, eins og undanfarin ár. Það kom sér þó mjög illa, að bæði þessi efni komu hingað austur of seint og kostaði það meiri vinnu við hreinsun en ella hefði orðið.

Hreinsunin kostaði 45.000 kr., eða nákvæmlega það, sem áætlað var.

Ég vil geta þess hér, að á undanförunum árum höfum við ekki sem skyldi hirt um það að hafa það, sem nefna mætti rammann utan um græðireitinn, eins snyrtilegt og æskilegt væri. Ég á við aðalvegi og aðal-ganga í reitnum. Ég hefi hug á því að bæta úr þessu, því að þetta er menningaratriði, sem ekki má vanrækja. En það hefir auðvitað einhvern aukalegan kostnað í för með sér.

## 6. Afhentar plöntur.

Afhentar voru 189.975 skógarplöntur og 8.434 garðplöntur. Þetta voru um 20.000 færri skógarpl. en töldust til afhendingar í fyrra. Er það ýmist, að af sumum tegundum kom heldur minna til afhendingar en talið var, en aðrar tegundir voru ekki afhentar, eins og t.d. Evrópulerkið frá Tyrol.

Nú voru í fyrsta skipt afhentar skógarpl. í plastpokum. Geymsla þeirra, sem voru teknar nógu snemma upp, tókst afbragðsvel. Hinn 24. maí var látið Kínagreni í plastpoka. Því var plantað í góðu ásigkomu-lagi 26. og 27. júní. En plöntur af sama kvæmi, sem settar voru í poka 3-4 dögum seinna, geymdust miklu skemur. - Ég verð reyndar að geta þess líka, að 26. júní var gróðursettur í góðu ástandi sitkabastarður, sem geymdur hafði verið í mánuð í íshúsinu á venjulegan hátt.

Enginn vafi leikur á því, að þessar plastumbúðir eru það, sem koma skal í plöntuumbúðum. Eftir reynslunni í vor virtist okkur sem hin venjulega vinna við þökkun myndi nokkurn veginn sparast með því að nota plastpokana.

Kostnaður við afhendingu skógarplantna varð 17.000 kr., en áætlaður 25.000.

Kostnaður við græðireitinn var áætlaður 347.000 kr., en varð 409.500 kr., eða 62.500 kr. hærrí. Af því má reikna 27.000 kr. aukningu á garðplöntum hreina veltuaukningu, því að garðplöntusalan jókst 10.000 kr. meira, eins og áður var framtekið.

Flestir liðir fóru dálítið fram úr, en þó ekki mjög, svo að við höfum greinilega verið á réttri braut með að áætla kostnaðinn eftir hinni nýju sundurliðun í græðireitnum.

## VI. Gróðursetning.

Gróðursettar voru alls 67.869 plöntur á Hallormsstað, eða 12.000 færri en áætlað var. Í Jórvík var ekkert gróðursett.

Hvort tveggja var, að grisjað land var á þrotum, nema í Framhólum var eftir allstórt lerkistykki (en ekkert Rússalerki eftir í það), og svo þurfti að draga úr framkvæmdum eins og hægt var í ágústlok.

Um 20. maí var allmikið gróðursett af Alaskalúpínu í Sárin eftir vegagerðina frá Atlavík og inn að Ljósá, ennfremur í melinn hér neðan við Akurgerði. Lúpínan var gróðursett með 3 x 3 m bili, þar sem því varð við komið.

Um 1.800 plöntur voru gróðursettar á svæðinu hér í kringum skógarvarðarbústaðinn. Meiri hluti þess var lerki, sem ~~set~~ sett var í sama mel og lúpínan. Þarna var gömul mykja sett með hverri plöntu, því að víðast er um hreinan sand að ræða. Þrátt fyrir mikla hita og þurrka í vor, eru vanhöld þarna næstum engin (að vísu vökvaði ég svæðið einum þrisvar sinnum, er heitast var í júní). Í kringum plönturnar kom upp kargi af hjartarfa í sumar og var hann reyttur og borinn í burtu. Kom

Tafla IV. Gróðursetning á Hallormsstað 1963.

| Tegundir og kvæmi           | Akurgerði | Mörkin | Ofan við Mörk | Innan Krók-lækjar | Kúa- botn- ar | Fram- hólar | Vörðuhraun Við Þjóðv. rauðgr. | Borgar- gerði | Myllu- hvamm- ur | Alls   |
|-----------------------------|-----------|--------|---------------|-------------------|---------------|-------------|-------------------------------|---------------|------------------|--------|
| Evrópulerki 2/2, Graubúnden | -         | -      | -             | -                 | -             | 8.300       | -                             | -             | 2.175            | 10.475 |
| Rússalerki 2/2, Sénkúrsk    | 1.200     | 850    | 1.150         | 3.025             | -             | -           | 12175                         | -             | -                | 18.400 |
| Blágreini 2/4, Hallormsst.  | 25        | -      | -             | -                 | -             | -           | -                             | -             | 200              | 225    |
| "- 3/3                      | -         | -      | -             | -                 | -             | -           | 38                            | -             | -                | 38     |
| "- 3/3/3, Colorado          | 23        | -      | -             | -                 | -             | -           | -                             | -             | -                | 23     |
| Brodd-og blágr, 2/4, Sap.   | -         | -      | 1.675         | -                 | -             | -           | -                             | -             | -                | 1.675  |
| Broddgreini 3/7, Sapinero   | 120       | 535    | -             | -                 | -             | -           | -                             | -             | -                | 655    |
| Hvítgreini 2/4, óvisst      | -         | -      | -             | -                 | -             | -           | -                             | -             | 160              | 160    |
| "- 3/4, "                   | -         | -      | -             | -                 | -             | -           | 96                            | -             | -                | 96     |
| "- 2/4, Fort St.J.          | -         | -      | -             | -                 | -             | -           | 185                           | -             | -                | 185    |
| Kínagreini 3/3, Umaltinski  | -         | -      | -             | -                 | 2.000         | -           | -                             | 2.925         | 7.325            | 12.250 |
| Rauðgreini 3/3, Bergün      | -         | -      | -             | -                 | -             | -           | -                             | -             | 2.125            | 2.125  |
| "- 3/3, Wonters             | -         | -      | -             | -                 | -             | -           | -                             | -             | 975              | 975    |
| "- 3/4, Blasjöfjell         | -         | -      | -             | -                 | -             | -           | -                             | -             | 210              | 210    |
| "- óvisst                   | -         | -      | -             | -                 | -             | -           | -                             | -             | 90               | 90     |
| "- Tatra                    | -         | -      | -             | -                 | -             | -           | -                             | -             | 25               | 25     |
| Sitkabast. 2/3, Lawing      | -         | -      | 250           | -                 | 1.175         | -           | -                             | -             | -                | 1.425  |
| Bergfura 2/4, Pyr.          | 185       | -      | -             | -                 | -             | -           | -                             | -             | 450              | 635    |
| Broddfura 2/4, Hall.        | 55        | -      | -             | -                 | -             | -           | -                             | -             | -                | 55     |
| Lindifura 2/2, Boxbacka     | 25        | -      | -             | -                 | -             | -           | -                             | -             | -                | 25     |
| "- 2/4, Tasktiprayon        | 50        | -      | -             | -                 | -             | -           | 10                            | -             | -                | 2.910  |
| Stafafura 2/4, Skagway      | -         | -      | -             | -                 | -             | -           | -                             | -             | 2.850            | 2.910  |
| "- 3/4, óvisst              | -         | -      | -             | -                 | -             | -           | 25                            | -             | 7.925            | 7.925  |
| Douglasgr. 3/4, "           | -         | -      | -             | -                 | -             | -           | 60                            | -             | -                | 25     |
| Marpöll 3/4, Cordova        | -         | -      | -             | -                 | -             | -           | 20                            | -             | -                | 60     |
| Fjallapínur 3/4, Sap.       | 20        | -      | -             | -                 | -             | -           | 100                           | 6.950         | -                | 7.070  |
| Hvítþínur, Sapinero         | 6         | -      | -             | -                 | -             | -           | -                             | -             | -                | 6      |
| Thuja plicata 3/4, óvisst   | -         | -      | -             | -                 | -             | -           | 21                            | -             | -                | 21     |
| Alaskaósp                   | 43        | -      | -             | -                 | -             | -           | -                             | -             | -                | 43     |
| Gráelri                     | 16        | -      | -             | -                 | -             | -           | -                             | -             | -                | 16     |
| Viðja                       | 26        | -      | -             | -                 | -             | -           | -                             | -             | -                | 26     |
| Alls                        | 1.794     | 1.385  | 3.075         | 3.025             | 3.175         | 8.300       | 12175                         | 9.875         | 24.485           | 67.869 |

þá í ljós, að kringum hverja plöntu var líka krugi af varpasveifgrasi, sem verður örugglega nógu þéttur til þess að koma í veg fyrir holklakalyftingu. Eg spái því, að lerkið muni spjara sig vel þarna í melnum. Ef þessi tilraun tekst vel, höfum við fundið góða plöntu til þess að nota við uppgræðslu mela, þar sem lerki á annað borð þrífst.

Öllum þeim plöntum, sem gróðursettar voru á Væðinu hér í kringum húsið, var gefinn húsdýráburður. Þá voru flutt hingað nokkur tré af sveigfuru og öðrum furutegundum.

Loks er þess að geta, að ofan við nýjasta reitinn í Mörkinni voru gróðursett 535 stór broddgreni, sem stóðu í Efstareitnum og voru orðin 10 ára gömul frá sáningu. Voru þau tekin með hnaus, en ekki gefinn húsdýráburður.

Hin afbrigðilega gróðursetning á þessum þremur stöðum kostaði um 11.300 kr.

Í skóginn voru gróðursettar 65.540 pl. Kostnaður við það varð 66.567, 50 kr. - eða 1,02 kr. á plöntu. Hækkunin á kostnaði frá árinu áður nemur meiru en almennti kauphækkun, og er eftirfarandi til skýringar á því:

1. Öll gróðursetningin í Innskóginum var í litla og ólögulega skækla, sem nú var verið að fylla. Var þetta einkum meðfram Þjóðveginum og upp með Jökullæk, en einnig ofan við Mörkina. Sama er að segja um gróðursetningu í Kúabotnum. Hér var afskaplega bratt og ólögulegt land, sem seinlegt var að setja í. Á þessum stöðum fór mikill tími í flutninga og þess kyns stúss, og sums staðar ekki hægt að vinna ákvæðisvinnu.

2. Fjallabínurinn, sem settur var við Borgargerði, var svo stór, að miklu hærra varð að borga fyrir hann en venjulegar skógarplöntur.

Gróðursetning í ~~SKÓGINUM~~ skóginum hófst 10. júní og stóð til 5. júlí. Var þá plantað í Innskógin, Framhóla og Kúabotna, mestmegnis lerki. Síðan var hlé til 5. ágúst. Þá var byrjað aftur við Borgargerði og plantað þar og í Mylluhvammum nokkuð óslitið til 6. september.

Auðvitað er þetta skakkur taktur í gróðursetningunni. Æskilegast væri að hætta henni tímum 15. júní til 15. júlí og planta þá í mánuð, en ekki eftir það öðru en lerki seint á haustin. En hjá okkur verður óhjákvæmilega árekstur milli gróðursetningar og plöntuafhendingar. Þegar afgreiða þarf stór plöntupartí, þarf að taka flesta karlmennina í það. Þetta ætti að lagast, þegar farið verður að afgreiða megnið af plöntunum í plastpokum. Þá ætti ekki að þurfa nema mjög fáa karlmenn í plöntuafhengingu.

## VII. V e g a g e r ð.

Á þessu ári getur ekki heitið, að neinir nýir vegir væru lagðir í skóginum. Stafaði það eingöngu af því, hve seint jarðýtan komst í gang og svo því, hve lengi hún var í Mjóanesi.

Hins vegar var borið ofan í vegarkafila af Langasandi og upp á brekku í Partinum, svo að þar er nú oftast fært. Ennfremur var lagfært og borið ofan í hlaðið hjá "Stöðinni", hinni nýju verkfærageymslu okkar.

Lagður var nýr vegur af nýja Þjóðveginum niður að Guttormslundi og gert bílastæði á þeirri leið á gamla Þjóðveginum. Þarna voru grafnir tveir skurðir til þess að þurrka vegarstæðið. Til þess fengum við Masey-Ferguson-skurðgröfu, sem var hér á staðnum í vor í annarri vinnu.

Lokið var við að ganga frá hlaðinu við húsið hér á Akurgerði. Voru hlaðnir veggir úr grjóti ofan við bílastæðið og meðfram gangstígnunum heim að húsinu. Lagfærð var uppfylling bæði ofan og neðan við húsið. Og sáð var í flötina ofan við húsið. Fer þetta nú að lagast mjög hér í kring, enda þótt mjög margt sé enn ógert.

Vegagerð ríkisins hélt áfram vegalagningu sinni gegnum skóginn.

Var nú lagður vegurinn frá Ljósá og inn á klettinn, sem er utan við skóginn á Tófklopplöpp. Er þessi spott 1,2 km á lengd, og hinn bezti vegur. Kostnaður við vegagerð varð 27.400 kr.

### VIII. Byggingar.

Mörkin. Allmikið var unnið í Markarhúsinu í vor. Settir voru tveir skápar til viðbótar í eldhús, eldhúsbekkur lagfærður mjög og einnig borð í borðstofu. Gert var við opin gluggafög í húsinu. Gólflistar voru settir í svefnherbergin og dúkur á gólf í stærsta svefnherberginu. Þá var allmikið málað í húsinu að vanda, svo að það leit ekki óþokkalega út, er fólkið kom í vor.

Ætlunin var að koma heitu vatni í krana í Mörkinni og var leyfi fengið fyrir rafmagnshitun á vatni á lágum taxta. En Ofnasmiðjan hf., sem hafði tekið að sér að smíða hitavandunk, brást, og kom dunkurinn aldrei. Hins vegar verður auðvitað ekki unað við það lengur, að verka fólkið í Mörkinni geti ekki fengið sér volgt steypibað.

Skógarvarðarþústaður. Lítils háttar var nuddað við að koma áleiðis því, sem ólokið var í húsinu. Sett var upp innrétting í forstofu uppi og skápur fyrir óhreinan þvott í kjallara. Ennfremur var smíðuð læsanleg járnluða fyrir eldiviðaropið. Keyptar voru bókahillur í skrifstofu, gler sett í forstofuhurð niðri o. fl. smávegis.

Verkfærageymsla. Ýmislegt var lagfært í "Stöðinni" til þess að bæta aðstöðuna þar. Mest um vert var af því, að gengið var frá raflögn í þeim hluta hússins, þar sem viðgerðarplássið er og dyr teknar á vegginn inn í gamla stöðvarhúsið, svo að þangað er hægt að láta inn bæði dráttarvél og önnur smærri verkfæri.

Kostnaður við alla þessa liði, sem nú voru taldir, svo og annað venjulegt viðhald húsa, sem ekki er talið sérstaklega, varð alls 70.500 kr.. Er það 12.500 kr. herra en áætlað var á þessa sömu liði.

### IX. Vélar og verkfæri.

Bifreið. Í haust kom hingað 3½ tons vörubifreið með drifi á öllum hjólum. Gerðin er Austin og er framleidd sem herbifreið. Smíðaár 1959. Er þetta bifreið, sem virðist henta sérstaklega vel til notkunar hér í skóginum. Ekki skal fjölyrt frekar um bifreið þessa, þar eð kaupin á henni tilheyra raunverulega árinu 1964.

Dráttarvél. Sl. vetur var Ferguson-dráttarvélin tekin upp og yfirfarin - nema vélin sjálf - og máluð hátt og lágt. Ennfremur voru moksturstækið og dráttarvagninn hvort tveggja máluð. Er þetta fyrsta allsherjar yfirferð á tækjum þessum, síðan þau voru keypt árið 1956, enda hefir ekki verið aðstaða til þess fyrr, þar sem við höfðum ekki einu sinni þak yfir öll tækin, hvað þá viðgerðarhúsnæði.

Þessi viðgerð kostaði auðvitað talsvert, en varð þó a.m.k. helmingi ódýrari en tilsvarandi yfirferð, sem ég hefi spurnir af, að framkvæmdar eru á verkstæðum hér eystra.

Jarðýta. Tilsvarandi yfirferð var nú gerð á jarðýtunni. Hún var öll þvegin upp og máluð og að öðru leyti dyttað að henni á ýmsan hátt, t.d. sett í hana ný kúpling, sem keypt var árið áður. Gamla húsið á jarðýtunni var orðið gerónýtt, svo að eitthvað varð að gera í því máli. Varð það úr að láta smíða nýtt hús úr járn. Þetta taldi ég nauðsynlegt að gera fyrir veturinn, til þess að verða ekki af vinnu, sem kynni að bjóðast við snjómokstur, eins og t.d. bauðst í fyrrahaust. Húsið var smíað á Egilsstöðum hjá Sólva Aðalbjarnarsyni og er alveg 1. flokks. Það kostaði 17.000 kr. Skilst mér, að það sé mjög ódýrt

Jarðýtan var ekki gangfær fyrr en seint í ágúst. Þá vildi það óhapp til, að framhjólin, sem gerð höfðu verið upp á Seyðisfirði, biluðu eftir eins dags notkun. Þetta kostaði hálf mánaðar vinnustopp. Að sjálfsögðu reiknaði vélsmiðjan okkur ekki endurvinnuna, en stöðv-unin kom sér illa. Okkur kom þetta á óvart, því að Vélsmiðjan Stál á Seyðisfirði hefir reynzt okkur áður vandvirkasta fyrirtæki sinnar tegundar hér eystra, sem við höfum skipt við.

Gangtímar jarðýtunnar voru 248 árið 1963. Bein rekstursútgjöld, ef smíði hússins er ekki meðreiknað, urðu 67.600 kr. - eða 272 kr. á gangtíma. Hins vegar reiknaði ég ýtunni ekki nema helming af því, eða 135 kr. á klst. í vinnu hjá okkur.

Áhöld og verkfæri. Af nýjum verkfærum ber fyrst að telja tæki til þess að kljúfa brenni. Er það fest aftan á dráttarvél líkt og viðarsögin. Þetta hefir reynzt hið ágætasta tæki og er vitaskuld alveg óhjákvæmilegt, ef við ætlum að stunda sölu á arinviði. Reynslan í haust sýndi, að við urðum að hafa verið á klofnum viði 10 kr. herra á pokann en á óklofnum. Það verður að teljast mjög gott.

Að öðru leyti voru helzt keypt ýmis nauðsynleg smáverkfæri til vélaviðgerða. Er nú farið að lagast mikið ástandið á þeim vettvangi, sérstaklega, ef við hugsum til þess, að fram að árinu 1962 átti stofn-unin hér ekki svo mikið sem skruflyklasett, hvað þá meira, til þeirra nota.

Með því að bæta ~~XXX~~ dálitlu við af verkfærum til vélaviðgerða á ári hverju ~~XXXX~~, verðum við ekki mjög illa settir eftir ein 3 ár.

Loks má ekki gleyma því afbragðstæki, sem þessi skýrsla er skrifuð með: Facit-skrifstofuritvél, sem hingað kom sl. vor. Það er mikil ánægja að því að mega nota svo góðan grip.

## X. Ferðir og leiðbeiningar.

Ferðalög voru svipuð og árið á undan. Engar meiri háttar ferðir farnar, utan ferðin á skógarvarðafund í Reykjavík í marz og á aðal-fund Skógræktarfélagss Íslands á Akureyri í ágúst.

Að öðru leyti voru aðeins stuttar ferðir hér um Fljóttsdalshérað og á næstu firði. Sannleikurinn er sá, að það er ákaflega lítið hægt að víkja ~~XXX~~ sér að heiman yfir sumartímann, þegar margt fólk er í vinnu. Það má helzt ekki augum af því líta, einkanlega þar sem þetta eru flest unglingar.

## XI. Sit t a f h v e r j u.

Nýtt bókhaldskerfi. Ég vil láta hér í ljós álit mitt á hinu nýja bókfærslukerfi, sem Gunnar Finnbogasonsetti upp, og við höfum nú eins árs reynsla af. Í stuttu máli sagt líkar mér afskaplega vel að vinna eftir þessu kerfi. Í fyrsta lagi er auðvitað Taylorixið sem slíkt hreinasta afbragð, svo að það er jafnvel orðið gaman að færa b-ókhaldið. Bæði er það miklu fljótlegra og miklu glegggra en hið gamla fyrirkomulag (það, sem við höfðum 1962, var vitaskuld gersamlega ónothæft). Í öðru lagi er svo sundurliðun sú, sem Gunnar tók upp í kerfið. Mér líkar hún afbragðsvel og ~~XXXXXXXXXXXX~~ gefur manni örugglega miklu gleggri yfirsýn yfir starfsemina á hverjum stað en áður var. En auðvitað má endalaust deila um einstök smáatriði í sundurliðun.

Sömu sögu er að segja um hin nýju eyðublöð, vinnuseðla og annað. Þetta er þrauthugsað, svo að eftir eins árs notkun hefir maður vart fundið smáatriði, sem maður vildi breyta.

Gróðurrannsúknir. Í júlímánuði héldu þeir Haukur Ragnarsson og

x) *Stöðv-unin var það ekki keypt fyrr.?*

og Steindór Steindórsson áfram gróðurrannsóknum sínum og tóku nú fyrir Mjóanes- og Hafursárland, sem friðað verður vorið 1964.

Leiðalýsing fyrir ferðafólk. Um mánaðamótin okt.-nóv. kom Snorri Sigurðsson hingað til þess að leggja grundvöll að leiðalýsingu fyrir ferðafólk um Hallormsstaðaskóg. Gengum við um skóginn ~~þess~~ þvers og kruss og lögðum margar ferðamannaleiðir. Á þessum göngum varð okkur enn ljósara en fyrr, að án leiðbeininga hefir ferðafólk farið á mis við ýmsa fegurstu staðina í landareigninni. Þessa staði á að vera hægt að gera hverjum manni aðgengilega, þegar leiðalýsingin er komin. En það mun óhjákvæmilega kosta allverulega fjárupphæð að merkja leiðirnar eins og við hugsum okkur og gera þær greiðfærar. Þá er einnig mikið verk að merkja allar þær gróðursetningar, sem á leiðunum eru.

Ferðafólk og gestir. Mikið var um ferðafólk, en hefði þó orðið miklu fleira - og einkum hefði fólk dvalið lengur hér í skóginum - ef ekki hefði komið hið mikla kuldakast í júlí.

Hafizt var nú handa um að bæta aðstöðuna í Atlavík með því að setja upp tvö salerni. En betur má, ef duga skal.

Meðal þeirra einstaklinga og hópa, sem sýnt var um skóginn á sl. sumri, nefni ég þessa:

15. júní. Þorsteinn Guðmundsson frá Reynivöllum.
16. " Aðalfundur Búnaðarsambands Austurlands.
18. " Bændaför Strandamanna, 95 manns, undir leiðsögn Ragnars Ásgeirssonar. Buðum þeim hressingu við húsið í Mörkinni.
21. " Húsmæður af Austurlandi, sem voru í orlofsdvöl í Húsmæðraskólanum.
24. " Sigurður Thoroddsen verkfræðingur og kona hans og Haukur Tómasson jarðfræðingur.
27. " Erlingur Sigurðsson í Sólheimakoti og 3 með honum.
- " " Húsmæður úr Suður-Pingeyjarsýslu, 118 talsins.
- " " Bændaför Norður-Pingeyinga, 100 manns, undir leiðsögn Ragnars Ásgeirssonar. Buðum þeim hressingu við húsið í Mörkinni.
3. júlí. Húsmæður úr Suður-Pingeyjarsýslu, um 80 talsins.
6. " Walter Mann frá Bonn, Þýskalandi, í fylgd skógrætarstjóra og Baldurs Þorsteinssonar.
9. " Dr. Magnús Z. Sigurðsson framkvæmdastjóri og kona hans.
10. " Barði Friðriksson lögfr. hjá Vinnuveitendasambandinu.
14. " Ræðumenn á samkomu Framsóknarmanna í Atlavík: Prófessor Ólafur Jóhannesson alþm. og Karl Kristjánsson alþm. Með þeim Hrólfr Ingólfsson bæjarstjóri á Seyðisfirði.
15. " Hópfar Ferðafélags Akureyrar, 25 manns, undir stjórn Ólafs Jónssonar ráðunauts.
16. " Norðmennirnir próf. Mork og Lág frá Ást og Austin deildarstjóri frá ~~Oslo~~ Osló, ásamt skógræktarstjóra og Snorra Sigurðssyni.
22. " Sigurður Elíasson trésmíðameistari úr Kópavogi, Benedikt sonur hans og Þórir Daníelsson, starfsm. verkalyðsfélaganna á Akureyri og kona hans.
23. " Guðmundur Vigfússon borgarfulltrúi frá Reykjavík og Ágir Ólafsson forstjóri og konur þeirra.
3. ágúst. Þrír svissneskir kvikmyndatökumenn í fylgd Þorsteins Jóseppssonar blaðamanns.
4. á " Jón Birgir Jónsson verkfr., ásamt föður hans, systur og mági.
9. " Ingólfur Árnason rfaveitustjóri á Akureyri.
13. " Séra Emil Björnsson úr Reykjavík, ásamt dóttur og tengdasyni.
28. " Þorgrímur Einarsson garyrkjumaður, Garðshorni.
29. " Oddný Metúsalemsdóttir húsfreyja, Ytri-Hlíð, og hópur

- húsmæðra af Austurlandi, sem voru í orlofsdvöl í Húsmæðraskólanum.
15. sept. Stjórn og kaupfélagsstjóri Kaupfélags Héraðsbúa í boði stjórnar Skógræktarfélags Austurlands, sem einnig var með.
18. " Reynir Vilhjálmsson skruðgarðaarkitekt.
9. okt. Þórarinn Þórarinsson skólastjóri á Eiðum með ~~gang~~ gagnfræðadeild Eiðaskóla.

Hallormsstað 15. janúar 1964,

Sigurður Blöndal